

# Reglur um ráðstöfun ríkisjarða á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins

## 1. gr.

Ríkisjörðum eða landspildum á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins skal að jafnaði ráðstafað til ábúðar eða útleigu með leigusamningum, þannig að best samræmist markmiðum um búsetu og landbúnað.

Auglýsa skal jarðir í Bændablaðinu og a.m.k. einu útbreiddu dagblaði auk heimasíðu ráðuneytisins. Í auglýsingu eftir umsóknum áhugasamra um ábúð ríkisjarða eða útleigu landspilda, skal öllum veittur kostur á umsókn. Í auglýsingunni skulu koma fram upplýsingar um ræktun, mannvirki, hlunnindi, greiðslumark, hvar nánari upplýsingar eru veittar, hvar eyðublöð fyrir umsókn séu afhent, hvert skuli skila umsóknum, fyrir hvaða tíma skuli skila umsóknum, hvenær afhending fari fram svo og önnur atriði er máli skipta.

Við val á umsækjanda tekur ráðuneytið mið af landbúnaðar- og byggðarhagsmunum og skulu eftirfarandi atriði metin sérstaklega:

- 1) Menntun á sviði landbúnaðar og önnur hagnýt menntun.
  - 2) Starfsreynsla í landbúnaði.
  - 3) Að áform umsækjanda um framtíðarnýtingu jarðarinnar teljist raunhæf að teknu tilliti til staðháttanna.
- Auk þessa getur ráðuneytið óskað eftir fjárhagslegum upplýsingum frá umsækjendum.

## 2. gr.

Taki ráðuneytið ákvörðun um sölu á ríkisjörð, þ.m.t. landspildum í ríkiseigu, á frjálsum markaði, sbr. 1. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, skal fela Ríkiskaupum að annast auglýsingar og leita tilboða. Auglýsa skal ríkisjarðir til sölu í dagblöðum og á heimasíðu Ríkiskaupa.

Fyrir sölu skal leita eftir lagaheimild Alþingis til að selja ríkisjarðir við gerð fjárlagafrumvarps ár hvert.

Í auglýsingum um sölu ríkisjarða skal leitað verðtilboða. Skulu þar koma fram upplýsingar um ræktun, mannvirki, hlunnindi, greiðslumark, hvar nánari upplýsingar eru veittar, hvar eyðublöð fyrir verðtilboð séu afhent, hvert skuli skila tilboðum, fyrir hvaða tíma skuli skila tilboðum, hvar og hvenær tilboð verði opnuð, hversu lengi bjóðendur séu bundnir af tilboðum sínum, hvenær afhending fari fram svo og önnur atriði er máli skipta.

Jafnframt skal fela Ríkiskaupum að taka við tilboðum, opna tilboð, tilkynna um val á bjóðendum, annast skjalagerð, veita viðtöku kaupverði svo og önnur verkefni eftir því sem við á.

3. gr.

Hagkvæmasta tilboði við útboð við sölu ríkisjarða skv. 2. gr. með tilliti til verðs, greiðsluskilmála, greiðslugetu o.fl. skal tekið nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Fyrir útboð Ríkiskaupa skal jarðaskrifstofa ráðuneytisins setja fram viðmiðunarverð (lágmarksverð jarðarinnar) í lokað umslag og afhenda Ríkiskaupum. Skal umslagið með viðmiðunarverði ekki vera opnað fyrr en að loknum útboðsfresti.

4. gr.

Í jarðalögum, nr. 81/2004, er réttur til beinnar sölu til sveitarfélaga, ábúenda o.fl. sem uppfylla ákveðin skilyrði. Í lögum um jarðasjóð, nr. 34/1992, er einnig heimild til beinnar sölu til ábúenda. Í 37. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, er því lýst hvernig verðmeta skuli jarðir sem seldar eru samkvæmt þeim lögum og hafa Ríkiskaup annast þá matsvinnu fyrir ráðuneytið. Ráðuneytið hefur ákveðið að sama aðferðafræði skuli notuð þegar jarðir eru seldar samkvæmt heimild í jarðalögum og í lögum um jarðasjóð.

5. gr.

Stefna ráðuneytisins er að selja að jafnaði ekki land þar sem jarðvegsrof er metið í rofflokka 3, 4 og 5 samkvæmt rofskala Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins. Einnig er tekið tillit til annarra landfræðilegra þátta.

6. gr.

Um útboð við sölu ríkisjarða fer að öðru leyti eftir lögum og stjórnvaldsreglum sem gilda á hverjum tíma um sölu fasteigna ríkisins.

7. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og koma í stað reglna um sölu ríkisjarða á forræði landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt heimildum í fjárlögum frá 1. maí 1999 og reglna um verklag við sölu ríkisjarða í umsjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins frá 2008.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. júlí 2011.*